

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hörgársveit.

*Moldhaugnaháls – deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 27. september 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Moldhaugnaháls í Hörgársveit skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagið tekur til starfsemi og uppbyggingaráforma á svæðum sem í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 eru auðkennd athafnasvæði AT1, afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði AF2 og efnistökusvæði E5. Í breytingunni felst að skilgreindar eru byggingarlóðir fyrir atvinnuhúsnæði auk lóða fyrir vinnuvélasafn og skylda starfsemi, starfsmannabúðir og skrifstofuhúsnæði. Gert er ráð fyrir neðanjarðarhelfingum sem nýtast munu í tengslum við safnastarfsemi auk markaðstorgs. Ennfremur er gert ráð fyrir ökugerði í tengslum við vinnuvélaskóla og geymslusvæði fyrir lausamuni. Skilmálar efnistökusvæðis E5 haldast óbreyttir frá deiliskipulagi sem gildi tók með auglýsingu nr. 29/2014 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 22. janúar 2014.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41., 42. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hörgársveit, 28. september 2023.*

**Sigríður Kristjánsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 4. október 2023